



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2020

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 40. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu þess efnis að félags- og barnamálaráðherra skipi starfshóp sem geri tillögu um hvernig auka megi lýðræði á vinnustöðum. Samkvæmt tillögunni mun BSRB eiga sæti í hópnum, nái hún fram að ganga og komi til framkvæmdar.

Aukið lýðræði og gagnsæi á vinnustöðum er ávallt af hinu góða, en t.a.m. má benda á að nú eru vinnustaðir innan ríkis og sveitarfélaga í virku samtali um það hvaða leið verði farin við styttingu vinnuvikunnar, sem aðildarfélög BSRB sömdu um í kjarasamningum sem undirritaðir voru fyrir á þessu ári. Þar eru það starfsfólk og stjórnendur sem koma sér saman um það hvernig stytting verði útfærð á hverjum vinnustað fyrir sig, á grundvelli lýðræðislegs og gagnsæs samtals.

BSRB styður því tillöguna og lýsir bandalagið sig reiðubúið til þátttöku í starfshópnum, ef til þess kemur.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar Már Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur